



Stjórnarfundur SKÍ

Fundargerð nr. 1658

Fimmtudagur 14. nóvember 2023 / kl. 15.30 / Rafrænn fundur

- Efni fundarins:** Annar stjórnarfundur SKÍ 2023 – 2025.
Fundarstjóri: Bjarni Theódór Bjarnason (formaður).
Fundarritari: Hugrún Elvarsdóttir.
Pátttakendur: Jónas Egilsson framkvæmdastjóri, Bjarni Theódór Bjarnason formaður, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinanevndar, Brynja Þorsteinsdóttir afreksstjóri, Gísli Reynisson gjaldkeri, Einar Ólafsson, formaður skíðagöngunefndar, Aðalsteinn Valdimarsson, formaður snjóþrettanefndar og Jón Egill Sveinsson varaformaður.
Fjarverandi: N/A.

Fundur settur kl. 12.00

Fundardagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar, nr. 1657
2. Skíðafólk ársins 2023 (einstaklingar og heiti viðurkenningar).
3. Fjármál SKÍ – staða og aðgerðir
4. Tillaga um styrk frá Snjóþrettanefnd
5. Bréf frá Sarah Fussek Integrity Director FIS
6. Alpagreinar: Þjálfarar í hæfileikamótun – auglýsing.
7. Fararstjórar og þjálfara veturinn 2023 – 2024.
8. Fréttir frá skíðagreinum, alpagreinar, ganga og bretti
9. Önnur mál
 - a. Félagaskipti
 - b. Staðfesting ÍSÍ á breyttum lögum SKÍ
 - c. Boðun móta og tilkynningar
 - d. Stefnumótunarvinna – samtal við félögin.

Fundargerð:

1. Fundargerð síðasta fundar, nr. 1657
 - a. Fundarritari sendir stjórnarmeðlimum fundargerð síðasta fundar í tölvupósti og hún tekin fyrir á næsta stjórnarfundum.
2. Skíðafólk ársins 2023 (einstaklingar og heiti viðurkenningar).
 - a. Formaður skíðagöngunefndar fer rökstudda tillögu skíðagöngunefndar en nefndin tilnefnir Krístrúnu Guðnadóttur og Snorra Einarsson til skíðafólks ársins 2023.

- b. Formaður snjóbrettanefndar fer yfir rökstudda tillögu snjóbrettanefndar en nefndin tilnefnir Vildísi Edwinsdóttur til skíðafólk ársins 2023.
 - c. Formaður alpagreinaneftndar fer yfir rökstudda tillögu alpagreinaneftndar en nefndin tilnefnir Matthías Kristinsson og Kötlu Björg Dagbjartsdóttur til skíðafólk ársins 2023.
 - d. Afreksstjóri SKÍ fer stuttlega yfir tilnefningarnar frá sínu sjónarhorni.
 - e. Stjórn SKÍ kýs um skíðamann og konu ársins en Snorri Einarsson var valinn skíðamaður ársins og Krístrún Guðnadóttir skíðakona ársins 2023.
- 3. Fjármál SKÍ – staða og aðgerðir**
- a. Framkvæmdastjóri SKÍ fer minnisblað um greiðslustöðu og fjármál sambandsins. Framkvæmdastjóri leggur fram tillögu til stjórnar um að ákvarðanir stjórnar og nefnda um styrki til handa einstökum íþróttamönnum verði gerðar sýnilegar í bókhaldi sambandsins með því að gjaldfæra styrkveitingarnar í kjölfar samþykktar þeirra. Einnig komi fram í bókun þær kröfur eða skuldbindingar sem eru forsendur styrkveitinganna.
 - b. Samþykkt samhljóða af stjórnarmönnum.
- 4. Tillaga um styrk frá Snjóbrettanefnd**
- a. Formaður snjóbrettanefndar óskar eftir fjármagni/styrki til kaupa á kennsluefni fyrir snjóbrettapjálfa. Efnið myndi henta fyrir kennslu byrjenda og lengra komna.
 - b. Kostnaður á kaup á kennsluefninu er 450.000 kr.- en innifalið er 5 ára aðgangur af kennsluefni og ein kennslu helgi næstu 5 ár.
 - c. Framkvæmdastjóri SKÍ leggur til að sambandið sækir um styrk til ÍSÍ vegna upphæðarinnar undir liðnum fræðslumál.
 - d. Samþykkt samhljóða af stjórnarmönnum.
- 5. Bréf frá Sarah Fussek Integrity Director FIS**
- a. Stjórnin upplýst um að íslenskir iðkendur í alpagreinum voru á æfingabúðum á vegum FIS og þurftu að tilkynna ósæmilega hegðun þjálfa er varðar drykkju o.fl. Málið er til skoðunar hjá FIS og búið er að virkja verkferla til þess að bregðast strax við þessu.
- 6. Alpagreinar: Þjálfarar í hæfileikamótun – auglýsing.**
- a. Formaður alpagreinaneftndar fer yfir hæfileikamótun sem alpagreinaneftnd er búin að móta frá grunni.
 - b. Alpagreinaneftnd leggur til að auglýst verði eftir þjálfa.
 - c. Afreksstjóri bendir á mikilvægi þess að samræma laun þjálfa á milli greina og að skrifa þurfi starfslýsingar fyrir þjálfa í brettum og skíðagöngu líka. Formenn snjóbrettanefndar og skíðagöngunefndar fá innsýn inn í starfsauglýsingu o.fl. svo hægt sé að samræma vinnubrögð.
- 7. Fararstjórar og þjálfarar veturinn 2023 – 2024.**
- a. Framkvæmdastjóri SKÍ óskar eftir því að fá lista frá nefndunum eins fljótt og hægt er.
- 8. Fréttir frá skíðagreinum; alpagreinum, göngu og bretti**
- a. Formenn skíðagreina fara yfir nýjustu fréttir frá sínum greinum. Staða landsliðsfólks, úrslit á mótum, hæfileikamótanir, æfingabúðir landsliðs, punktastaða iðkenda, afreksþjálfun o.s.frv.
- 9. Önnur mál**
- a. Félagaskipti
 - i. Snorri Einarsson er búinn að skipta yfir í Skíðafélag Ísafjarðar – staðfest.
 - b. Staðfesting ÍSÍ á breyttum lögum SKÍ
 - i. Bréf frá ÍSÍ lagt fram.

- c. Boðun móta og tilkynningar
 - i. Til reglur um hvernig skal boða mót og hvernig við förum að því. Framkvæmdastjóri leggur til að við fylgjum þessu verklagi framvegis.
 - ii. Skerpa á þessum reglum við félögin.
 - iii. Formaður skíðagöngunefndar bendir á mikilvægi þess að starfsfólk SKÍ og stjórnarmeðlimir komi á þau mót sem þau komast á.
- d. Nýjar reglur um jafnar vegalengdir í skíðagöngu
 - i. Formaður skíðagöngunefndar ber undir stjórn nýja ákvörðun frá FIS þar sem karlar og konur eigi helst að keppa í sömu vegalengdum í skíðagöngu. SKÍ ber ekki skylt að fylgja þessu eftir um, skv. athugun. Formaður skíðagöngunefndar leggur til að leggja þessa nýju reglu undir þjálfara o.fl. og fá viðbrögð við þessum tilmælum FIS en stjórnarmeðlimir samþykktu það samhljóða.
- e. Stefnumótunarvinna – samtal við félögin.
 - i. Framkvæmdastjóri SKÍ fer yfir þá fundi sem hafa farið fram með félögunum út á landi. Flestir gengið vel.
 - ii. Klára þarf fundi með félögum á Tröllaskaganum og Skagfirðingum, Vestfirðingum og Strandamönnum og höfuðborgarsvæðinu sem fyrst.
- f. Skíðahús
 - i. Nokkrir meðlimir úr stjórn hafa verið að semja bréf og skrifa greinar um uppbyggingu á skíðahúsi á Íslandi.
 - ii. Fylgja þarf málinu eftir með viðtölum o.fl.
- g. Skíðamót Íslands
 - i. Ármennningar sendu Skíðasambandinu breytta tillögu um framkvæmd á Skíðamóti Íslands, þar sem ekki fæst opnum í Skálafelli fyrir stórsvig. Fundað hefur verið með formanni Samráðsnefndar skíðasvæðanna á höfuðborgarsvæðinu og er málið til umfjöllunar hjá SSH.
 - ii. Formaður SKÍ sat samráðsfund Samráðsnefndar skíðasvæðanna í gærmorgun með fulltrúum allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þar sem ákveðið var senda málið áfram til stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, þar sem allir bæjarstjórar eru með sæti, um að halda Skíðamót Íslands í Skálafelli.
 - iii. Framkvæmdastjóra falið að leita upplýsinga um framgang og stöðum málsins hjá SSH en umræða er í höndum alpagreinaneftdar og Ármanns.
- h. Mótaforrit
 - i. Nýtt mótaforrit kynnt fyrir hreyfingunni en viðbrögð hafa verði góð og almenn ánægja með forritið.
- i. Jólagjöf
 - i. Afreksstjóri leggur við stjórn að landsliðsfólkinu verði fært gjafabréf á Spíruna, kvöldverður fyrir 2 sem gjöf fyrir jólin. Samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 17.00.

Hugrún Elvarsdóttir ritaði fundargerð